

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2013.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd
uppljóstrara 141. löggjafarþing, þskj. 572 – 453. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpið er nýmæli um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara. Laganefnd telur umrætt ákvæði gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Markmið laganna eru skilgreind í 1. gr. frumvarpsins og eru þríþætt, að upplýsa um eða koma í veg fyrir misgerð, tryggja vernd uppljóstrara og tengdra aðila og stuðla að gegnsæi um upplýsingar er varða almannahagsmuni og eiga erindi til almennings. Í frumvarpinu er misgerð skilgreind með upptalningu athafna eða athafnaleysis sem geta m.a. talist spillt, ógn gegn umhverfi, vanrækslu hirðuleysi eða yfirsjón. Þarna er um að ræða mjög víðtæka skilgreiningu sem getur tekið til hvers kyns athafna án þess að í þeim felist lögbrot eða brot gegn öðrum reglum en geta samkvæmt frumvarpinu réttlætt veruleg frávik frá þagnaskylduákvæðum laga, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Telur laganefnd að þarna geti verið um að ræða alvarlega veikingu á þeim réttindum sem tryggja á með þagnarskylduákvæðum laga og þörf á að skilgreina mun betur hvers kyns misgerðir geti réttlætt frávik. Að sama skapi er ekkert tekið fram um það hvaða upplýsingar það eru sem eiga erindi til almennings, sbr. c-lið 1. mgr. laganna. Svo víðtæk skilgreining á markmiðum laga sem víkja þagnarskylduákvæðum annarra laga er til þess fallin að valda hættu á ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Skilgreining 1. tölul. 3. mgr. á uppljóstrara vísar til þeirra sem miðla upplýsingum, það er í ósamræmi við skilgreint gildissvið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem tekur einnig til þeirra sem hyggjast miðla, gera tilraun til að miðla eða eru grunaðir um að miðla upplýsingum.

Óljóst er í hverju yfirstjórn forsætisráðherra fer samkvæmt 3. gr. ákvæðisins og hvaða réttaráhrif leiðbeiningar ráðherra hafa.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er nægjanlegt til verndar í innri uppljóstrun að uppljóstrari sé í góðri trú. Ekki er tekið fram hvernig trú uppljóstrara skal ákvörðuð en vafinn virðist eiga að falla viðkomandi í hag þrátt fyrir að mögulega hafi verið farið gegn samningsskuldbindingum og lagaákvæðum um þagnarskyldu. Laganefnd bendir á að slík nálgun gæti verið varhugaverð og haft ófyrirséðar afleiðingar. Hið sama gildir um vernd ytri uppljóstrun auk þess sem ekki er fyllilega skýrt hvenær skilyrði stafliða a – f teljast uppfyllt. Þetta getur og leitt til þess að

upplýsingar verði gerðar opinberar þrátt fyrir að engir hagsmunir séu af því og það geti mögulega valdið tjóni. Ástæða er til að skoða nánar hvaða afleiðingar slíkar reglur geti haft.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er vikið verulega frá þagnarskylduákvæðum laga, þó það eigi ekki við um lög um lögmenn. Því er t.d. vikið frá þagnarskylduákvæðum er gilda um skattyfirvöld, lögreglu, endurskoðendur, starfsmenn banka o.s.frv. Svo víðtækt frávik sem byggir á óljósum skilyrðum sbr. umfjöllun að ofan er til þess fallið að hafa ófyrirséðar afleiðingar. Sömu varnaðarorð eiga við um frávik frá samningsskuldbindingum sem kveðið er á um í 8. gr. frumvarpsins.

Síðari ákvæði frumvarpsins er taka til tiltekinna verndar uppljóstrara vekja ýmsar spurningar en í ljósi þess að fyrri hluta frumvarpsins virðist nauðsynlegt að skýra verulega sem aftur getur haft áhrif á það hvaða vernd er fyrir hendi þá verða ekki gerðar athugasemdir við þessi ákvæði að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Laganefnd Lögmannafélags Íslands.